

Eco-Garden ehf.
Stangarhyl 5
110 Reykjavík

Akureyri, 29. mars 2022
UST202203-213/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum 2021 - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 16. mars 2022 þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir að Eco-Garden ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2021 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af þessum vörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2021. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið hefur uppfyllt skyldur skv. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar [<https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>].

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Helgu Ösp Jónsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla